

FRÍSTUNDALÆSI VERKFAERAKISTA



1. UM FRÍSTUNDALÆSI

UM FRÍSTUNDALÆSI

FRÍSTUNDALÆSI

- Hugmyndabanki þar sem finna má hugmyndir að verkefnum og laga að sínum þörfum
 - Frístundalæsi er ákveðinn stuðningur við þá sem vilja efla læsi barna í gegnum leik
- 
- Frístundalæsi hefur verið skipt í sjö tegundir læsis:
 - Félagslæsi
 - Lista- og menningarlæsi
 - Miðlalæsi
 - Samfélagslæsi
 - Vísindalæsi
 - Náttúru- og umhverfislæsi
 - Heilsulæsi




HVAÐ MÁ FINNA Í GAGNABANKANUM FRÍSTUNDALÆSI

- Hugmyndir sem hægt er að framkvæma í almennu starfi
- Hugmyndir að klúbbastarfi
- 10 einföld atriði
- Fyrirmyndaklúbbar
- Smáforrit
- Gátlisti
- Ítarefni
- 3 smáskref
- Þemadagar
- Kennslumyndbönd
- Verkfærakista



2.

VERFÆRAKISTA FRÍSTUNDALÆSIS



Tilfinningar




- Stutt umfjöllun um félagslæsi ætlað starfsfólki frístundaheimila og börnum sem þar dvelja
- Félagslæsi skilgreint og sett í samhengi við starfsemi frístundaheimila
- Neðst á veggspjaldinu er QR kóði sem vísar á félagslæsi inn á heimasíðu Frístundalæsis

Félagsslæsi

Góð samskipti er mikilvægur hæfileiki. Þau geta hjálpað okkur að taka þátt í skólastarfi, frístundastarfi og samfélaginu öllu.

Okkur langar öllum að lifa vel á frístundaheimilinu okkar, eiga vini og leika okkur saman. Því er mikilvægt að við getum talað saman. Góð samskipti byggjast meðal annars á trausti, virðingu og samkennd og geta haft áhrif á hvernig okkur líður. Á frístundaheimilum lærum við að þekkja eigin tilfinningar og annarra barna. Mikilvægt er að láta starfsfólk vita hvernig okkur líður á frístundaheimilinu. Hægt er að efla félagslæsi á margvíslegan hátt sem styrkir okkur í félagslegum samskiptum.



Frístundalaesi

- Góðan daginn á 15 algengustu móðurmálum barna á Íslandi
- Tilvalið er að hengja veggspjaldið upp í móttökurými frístundaheimilisins til þess að taka vel á móti börnum og foreldrum/forráðamönnum

Góðan daginn!





TILFINNINGAR

- Veggspjald sem sýnir svipbrigði sem túlka tilfinningar
- Gagnlegt til að aðstoða börn við að koma tilfinningum sínum í orð. Þá geta þau bent á myndina og frístundaleiðbeinandi ræðir við þau um hvernig þeim líður s.s. reið eða glöð
- Þetta auðveldar börnum að vera læs á tilfinningar sínar og þroska með sér næmni í samskiptum

Tilfinningar



Áhyggjur



Ást



Eftirsjá



Eftirvænting



Einmanaleiki



Fyrirlitning



Gleði



Hamingja



Ofsareiði



Hugrekki



Ötti



Reiði



Ró



Skömm



Sorg



Stolt



Vonbrigði



Þakklæti



Óhamingja



Feginleiki

Frístundalæsi





LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

- Frístundaheimili geta verið tilvalinn vettvangur til þess að kynna fyrir börnunum listasögu og ólíka listamenn
- Til þess að láta slíkt verða að veruleika er hægt að setja upp veggspjald þar sem listamaður mánaðarins er kynntur til sögunnar í orði og mynd

Listamaður mánaðarins

FRIDA KAHLO (1907-1954)



FRIDA ÞEGAR
HÚN VAR 11 ÁRA




MYND SEM FRIDA
KAHLO GERÐI ÞEGAR
HÚN VAR 17 ÁRA

Frida Kahlo fæddist árið 1907 í þorpi sem heitir Coyoacán og er í útjaðri Mexíkó-borgar. Mamma hennar var mexíkósk og pabbi hennar þýskur og vann sem ljósmyndari.

Þegar Frida Kahlo var 6 ára veiktist hún alvarlega. Í kjölfarið einangraðist hún og eyddi miklum tíma með pabba sínum. Hann kenndi henni að taka ljósmyndir og framkalla þær.

Þegar Frida Kahlo var 18 ára lenti hún í alvarlegu bílslysi. Eftir slysið þurfti hún að vera rúmliggjandi í 2 ár og byrjaði þá að mála málverk.



MYND SEM FRIDA GERÐI ÞEGAR
HÚN VAR ORÐIN FULLORÐIN

Frístundalæsi



LISTABARN MÁNAÐARINS


- Gaman er að kynna hæfileikarík listabörn fyrir börnum frístundaheimilisins
- Það getur verið bæði fróðlegt og skemmtilegt fyrir börnin að sjá verk listabarnanna og lesa sig til um þau
- Hægt er að nýta veggspjöldin til að skapa áhugaverðar umræður og auka list og menningarvitund barnanna

Listabarn mánaðarins

Kareem Waris Olamilekan (f.2006)



Kareem Waris hefur ótrúlega hæfileika til að tjá tilfinningar í gegnum málverk sín



Aðeins 12 ára tókst Kareem að gera mjög raunsæ listaverk sem urðu þekkt um allan heim

Frístundalæsi

MIÐLALÆSI



Læsisveggspjald



Ljód mánaðarins



Fjölmiðlaleiðbeiningar

LJÓÐ MÁNAÐARINS

- Gaman er að velja ljóð mánaðarins og hafa það sýnilegt innan frístundaheimilisins
- Ef fylgt er QR-kóðanum á veggspaldinu vísar hann á Spotify lista þar sem hægt er að hlusta á öll ljóðin

Ljóð mánaðarins

Foli, foli fótaliþri

Foli, foli fótaliþri,
flýttu þér nú heim á bæ.

Foli, foli fótaliþri,
flýttu þér nú heim á bæ.
Tra-ri, ra-la-la,
flýttu þér nú heim að bæ.

Heima mun þín heyð biða
en hjá mömmu koss ég fæ.
Heima mun þín heyð biða
en hjá mömmu koss ég fæ.
Tra-ri, ra-la-la,
en hjá mömmu koss ég fæ.

Herðir hlaupin hlaupagarpur,
hreint ei telur sporin sín.

Herðir hlaupin hlaupagarpur,
hreint ei telur sporin sín.
Tra-ri, ra-la-la,
hreint ei telur sporin sín.

Aldrei hef ég heldur, Jarpur,
hafrastráin talið þín.
Aldrei hef ég heldur, Jarpur,
hafrastráin talið þín.
Tra-ri, ra-la-la,
hafrastráin talið þín.

Höfundur: Hildigunnur Halldórsdóttir



Frístundalæsi





FJÖLMIÐLALEIÐBEININGAR

- Mikilvægt er að börn kunni að nálgast fjölmiðla á ábyrgan og áhrifaríkan hátt
- Gott getur verið að hafa veggspjöld með leiðbeiningum sýnileg á svæðum þar sem fjölmiðlanotkun á sér stað
- Leiðbeiningarnar snúa að því hvar og hvernig hægt sé að nálgast tiltekinn miðil, hvers ætlast er til af börnunum sjálfum við notkun á miðlinum og hver réttindi þeirra eru þegar kemur að miðlanotkun

Bækur/tímarit

Fjölmiðlaleiðbeiningar

- ★ Við getum notað bækur og tímarit til þess að lesa eitthvað áhugavert
- ★ Við getum notað bækur og tímarit til þess að afla okkur frekari upplýsinga um það sem vekur áhuga okkar
- ★ Við getum skoðað myndir í bókum og tímaritum
- ★ Við getum lesið og skoðað teiknimyndasögur í tímaritum og bókum
- ★ Við getum notað bækur og tímarit til þess að fá leiðbeiningar eins og matreiðsluuppskriftir

Við megum alltaf ná okkur í bók eða tímarit til þess að lesa eða skoða. Við þurfum ávallt að ganga frá bókum og tímaritum þegar við hættum að nota þau. Það má hætta að nota bækur og tímarit og fara í annað val þegar við viljum. Ef við hræðumst eitthvað sem við lesum eða sjáum í bókum og tímaritum eða líkar það ekki, er gott að tala um það við einhvern sem við treystum.



Fristundalæsi

SAMFÉLAGSLÆSI



Læsisveggspjald



Stafróf



Merkingar

- Á frístundaheimilum borgarinnar er fjölbreyttur barnahópur sem kann allskyns tungumál
- Í verkfærakistu Frístundalæsis er að finna veggspjöld með stafrófi þeirra 15 algengustu móðurmála sem töluð eru á Íslandi
- Hægt er að nýta þau og hengja upp stafróf kortlögðu tungumálanna s.s. í lestrarhorni frístundaheimilisins

Pólska stafrófið

Aa Aą Bb Cc Ćć

Dd Ee Ęę Ff Gg

Hh Ii Jj Kk Ll Łł

Mm Nn Ńń Oo Óó

Pp Rr Ss Śś Tt

Uu Ww Zz Żż Źź Yy

Frístundalæsi





MERKINGAR

- Eitt af fyrstu skrefunum sem mælt er með að tekin séu til að efla mál og læsi barna sem dvelja á frístundaheimilum snúa að merkingu hluta með orði og mynd
- Gaman er að koma fyrir merkingunum víðsvegar um frístundaheimilið í samstarfi við börnin

Ruslafata



Hurð



Gluggi



VÍSINDALÆSI



Læsisveggspjald



Uppfinning mánaðarins



Tilraunabók



UPPFINNING MÁNAÐARINS


- Gaman er að kynna börn frístundaheimilisins fyrir fjölbreyttum uppfinningum sem hæfileikaríkir einstaklingar hafa fundið upp á
- Það getur verið bæði fróðlegt og skemmtilegt fyrir börnin að sjá uppfinningarnar og lesa sig til um þær

Uppfinning mánaðarins

Íspinni

(Frank Epperson)

Frank fann upp íspinnann þegar hann var 11 ára. Eitt vetrarkvöld blandaði hann sér drykk úr sykurdufti og vatni. Hann gleymdi að taka drykkinn inn áður en hann fór að sofa. Drykkurinn stóð því úti á verönd yfir kalda nótt. Þegar hann vaknaði morguninn eftir var drykkurinn frosinn á spýtunni sem hann hafði notað til þess að hræra saman drykkinn. Þannig varð fyrsti íspinninn til.



Frístundalæsi



- Tilraunabók Frístundalæsis inniheldur fjölbreyttar tilraunir sem einfaldar eru í framkvæmd með börnum
- Í bókinni er bæði að finna einfaldar leiðbeiningar en einnig myndband af samfélagsmiðlum þar sem hægt er að skoða framkvæmd tilraunarinnar



Fílatannkrem

Það sem þarf:

Plastflöskur
Sápa
Matarlitur
Vetnisperoxíð
Ger
Vatn

Leiðbeiningar:

1. Hellið sápu í flösku nr.1
2. Setjið vetnisperoxíð ofan í flöskuna
3. Bætið matarlit við og blandið vel saman
4. Því næst hrærið þið saman vatni og geri í flösku nr.2
5. Hellið síðan hratt úr flösku nr.2 í flösku nr.1
6. Fylgist með fílatannkreminu verða til 😊





Útifatnaður



Útibingó

- Myndrænar leiðbeiningar fyrir börn um klæðaburð geta reynst mikilvægar
- Hér er að finna veggspjöld með mynd og texta þar sem fram kemur hvers konar klæðaburður sé ráðlagður viðkomandi dag
- Gott er að hafa veggspjaldið á vegg í fatahengi og skipt er um spjald eftir aðstæðum hverju sinni

Í dag er veður fyrir:

Pollagalla, húfu, vettlinga og stígvél



Fristundalæsi

- Gaman er að fara í útibingó með börnum á frístundaheimilum. Hér er tilbúið útibingó sem hægt er að prenta út og nýta
- Tilvalið er að fara með barnahópin í bingóið á lóð frístundaheimilisins, í útiveru eða fara í lengri göngutúr. Þá fá börnin bingóspjaldið og merkja við það sem þau sjá og fylla út í reitina á spjaldinu

Útibingó

 Þrjú ólíkir laubblöð	 Tré	 Blóm	 Þrír ólíkir steinar
 Rusl	 Vatn	 Veggjást eða veggjakort	 Pollur
 Brunahani	 Skordýr	 Leikfang	 Fjall
 Fugl	 Bekkur	 Ský	 Ljósastaur

HEILSULÆSI



Læsisveggspjald



Útileikur mánaðarins



Hljóðbækur

- 12 veggspjöld sem kynna fjölbreytta útileiki í máli og mynd
- Hægt er að koma veggspjaldi fyrir í fatahengi barnanna eða við útidyrhurðina og skipta því út mánaðarlega
- Þetta eru hópleikir sem hugsaðir eru til þess að þjappa hópinn saman og gefa tilbreytingu í útiveruna

Útileikur mars

Fram fram fylking

Tveir leikmenn eru ræningjar. Þeir standa á móti hvor öðrum og haldast í hendur og halda höndum uppi til að mynda hlið. Hinir ganga í gegnum hliðið í halarófu um leið og þeir syngja lagið.

„Fram, fram fylking,
forðum okkur háska frá
því ræningjar oss vilja ráðast á.
Sýnum nú hug, djörfung og dug.
Vakið, vakið vaskir menn
því voða ber að höndum.
Sá er okkar síðast fer
mun sveipast hörðum böndum“.



Þegar sungið er „sveipast hörðum böndum“ taka ræningjarnir þann til fanga sem er að fara í gegnum hliðið þá stundina. Farið er með fangann afsíðis og fær hann að velja milli einhverra tveggja hluta sem ræningjarnir hafa fyrirfram ákveðið, s.s. ávextir. Þannig gæti t.d. annar ræninginn fengið alla sem velja banana en hinn alla sem velja epli. Fanginn fer aftur fyrir þann ræningja sem hann valdi og stendur þar uns leiknum lýkur. Lagið er síðan sungið aftur og halarófan fer af stað og næsti fangi grippinn, þannig myndast röð fyrir aftan ræningjana.

Þegar allir hafa verið fangaðir er farið í reiptog án reipis. Það lið sem tekst að toga hitt til sín vinnur.

Fristundalæsi



HLJÓÐBÓKALISTI

- Hér er Spotifylisti með áhugaverðum hljóðbókum sem gaman er að hlusta á með börnunum á frístundaheimilinu
- Notalegt getur verið að hlusta á hljóðbók til dæmis í síðdegishressingunni. Einnig er hægt að kveikja á hljóðbókinni á meðan að börnin eru að dunda sér við að perla eða lita

Hljóðbókalisti




Skemmtilegar sögur sem er undir 7 mínútur að lengd. Tilvalið að nýta í síðdegishressingu eða í upphafi eða enda á spennandi klúbbi/vali á frístundaheimilinu.



Skemmtilegar sögur sem eru yfir 7 mínútur á lengd. Tilvalið að notast við þegar verið er að föndra, lita, perla eða í hvíld/afslöppun á frístundaheimilinu.



Frístundalæsi



TAKK FYRIR

Einhverjar spurningar?

Endilega vertu í sambandi í gegnum tölvupóstinn
fristundalaesi@gmail.com